# FRÉTTABLAÐIÐ

66. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 19. MARS 2018





Landsfundi Sjálfstæðisflokksins lauk í gær og var kosið um forystu líkt og venjan er. Bjarni Benediktsson var endurkjörinn formaður flokksins með rúmlega 96 prósentum atkvæða. Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir var kjörin varaformaður flokksins með 95,6 prósentum greiddra atkvæða og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir ritari flokksins með 93,5 prósentum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Skilur ef ráðamenn þurfa að sitja heima

**Formaður KSÍ segir óskandi að stjórnmál og Heimsmeistarakeppnin í fótbolta sem hefst í sumar væru aðskilin. Hins vegar skilji hann það ef ráðamenn sniðganga HM. NATO-ríkin skoða mögulegar aðgerðir gegn Rússum í vikunni. Málið truflar ekki undirbúning KSÍ.**

**STJÓRNMÁL** Guðni Bergsson, formaður Knattspyrnusambands Íslands, segist skilja það og virða ef Ísland tekur þá ákvörðun að senda ekki ráðamenn til Rússlands á Heimsmeistaramótið í knattspyrnu í sumar. Vilji allra standi hins vegar til þess að halda íþróttum og stjórnmálum aðskildum í lengstu lög.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra segir aðildarþjóðir NATO vera að skoða hvaða leiðir séu færar til að bregðast við morðtilraun á hendur Sergei Skripal og dóttur hans í Salisbury í Bretlandi þann 8. mars. Ein hugmyndanna er að sniðganga HM en engin niðurstaða er enn komin í málið.

„Þetta er ekki komið á neinn slíkan stað. Við erum bara að skoða færar leiðir með okkar bandamönnum,“ segir Guðlaugur Þór. „Málið er alvarlegt og því er mikilvægt að hafa ríkt samráð um viðbrögð og bregðast við þessum atburðum í Bretlandi.“



Guðni Bergsson

Guðni Bergsson segir þetta ekki trufla undirbúning KSÍ. „Þegar til kastanna kemur þá hefur þetta ekki áhrif á okkar undirbúning eða hugarfar leikmanna. Við erum einbeitt í okkar verkum,“ segir Guðni.

„Ég vil ekki blanda mér í umræðu um alþjóðastjórnmál sem formaður KSÍ. Ég vil einbeita mér að knattspyrnunni og við viljum aðskilja þetta tvennt. En ef vesturveldin taka ákvörðun á hinu pólitíska sviði um að sniðganga HM þá verðum við að virða þá niðurstöðu.“

Hann vonar að málin leysist fyrir HM svo hægt sé að hugsa eingöngu um knattspyrnu þegar leikir Íslands hefjast.

„Maður vonast auðvitað eftir því að hægt sé að leysa mál á pólitíska sviðinu en það er bara ekki alltaf svo,“ bætir Guðni við. **– sa**

## Tímasetningin kom ekki að sök

**LÍFIÐ** „Ég stóð fremst á sviðinu í intróinu og sá svona 40 hræður í salnum og hugsaði: „Úff, svona er að vera hljómsveitin sem dreifir álaginu á móti Underworld.“ Svo bara byrjaði salurinn að fyllast og áður en fyrsta lagið var hálfnað var komin geðveik stemning,“ segir Kolfinna Nikulásdóttir, ein Reykjavíkurdætra, en hljómsveitin spilaði á Sónar Reykjavík á sama tíma og Underworld, ein stærsta hljómsveit heims á sviði danstónlistar. **– gha /** sjá síðu 22



Kolfinna Nikulásdóttir

## Fréttablaðið í dag




**FRÉTTIR** Vladimir Pútín vann öruggan sigur í forsetakosningum í Rússlandi í gær. Dræm þátttaka og ásakanir um svindl. 6

**SKOÐUN** Sæunn Kjartansdóttir leggur til róttækar breytingar á kerfinu svo hægt sé að sinna barnauppeldi sem skyldi. 9

**SPORT** Bandaríkjamenn horfa á Ólympíufara sem góð að sögn skíðakonunnar Freydísar. 13

**TÍMAMÓT** Fimmtán ár frá innrás Bandaríkjanna í Írak. 14

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FASTEIGNIR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Suðlæg átt 3-10. Lítilsháttar væta öðru hverju S- og V-lands, en víða léttskýjað á NA- og A-landi. Hiti yfirleitt 5 til 10 stig að deginum en víða vægt næturfrost. SJÁ SÍÐU 16

## Gamlir skór falla best að fæti



Sýningin Undraveröld Kron by Kronkron var opnuð í gær í Hönnunarsafni Íslands við Garðatorg að viðstöddu margmenni. Á sýningunni er rennt yfir feril hönnuðanna og hjónanna Hugrúnar Árnadóttur og Magna Þorsteinssonar með merkið Kron by KronKron. Heill áratugur er liðinn síðan Hugrún og Magni hófu að framleiða skó, fatnað og fylgihluti og hafa þau hannað um 1.200 mismunandi skópör á þeim tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Fundu verðmæt spjöld í kompu

**BANDARÍKIN** Það getur borgað sig að flýta sér hægt við tiltekt. Þetta kom glögglega í ljós þegar fjölskylda í suðurríkjum Bandaríkjanna fór í gegnum dánarbú ættföður síns.

Þegar verið var að skoða hverju ætti henda og hvað ætti að geyma kom í ljós snjáður bréfpoki. Í honum fundust sjö hafnaboltamyndir frá árunum 1909-1911. Á einni myndinni mátti sjá Ty Cobb, leikmann Detroit Tigers. Verðmæti myndanna er ríflega ein milljón dollara, andvirði um hundrað milljóna íslenskra króna.

Fjölskyldan datt síðan í lukkupottinn á ný þegar tiltekt var fram haldið og áttunda myndin úr settinu fannst. Sú reyndist verðmætari en hinar en áætlað er að um 250 þúsund dollarar fáist fyrir hana. Fjölskyldan er því vel stæð eftir að dánarbúið var gert upp. – jóe

## Tölvurnar eru enn ófundnar

**LÖGREGLUMÁL** Enn hefur hvorki sést tangur né tetur af um 600 tölvum sem stolið var í þremur innbrotum í gagnaver í Borgarbyggð og Reykjanesbæ. Verðmæti vélanna, sem höfðu verið notaðar til að grafa eftir rafmyntinni Bitcoin, er talið um 200 milljónir króna.

Tveir menn voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna málsins auk þess sem grunur leikur á að starfsmaður Öryggismiðstöðvarinnar hafi aðstoðað þjófana við verkið.

„Það hefur farið mikill tími og mikil vinna í þetta. Við erum að móta heildarmynd af þessu öllu saman en framhaldið skýrist vonandi í vikunni,“ segir Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Suðurnesjum. „Allar ábendingar sem fólk hefur um málið, stórar sem smáar, eru kærkomnar ef fólk telur sig hafa einhverjar vísbendingar eða upplýsingar.“ – jóe

## Leyfi séra Ólafs lýkur í vikunni

**KIRKJUMÁL** Frestur til að áfrýja úrskurðum úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar í málunum fimm gegn Ólafi Jóhannssyni, sóknarpresti í Grensáskirkju, rennur út í dag. Verði ekki áfrýjað í málum hans mun hann að öllum líkindum taka til starfa aftur eftir leyfi, strax í þessari viku.

Fimm konur kærðu séra Ólaf til úrskurðarnefndar Þjóðkirkjunnar á haustmánuðum en biskup sendi hann fyrst í leyfi vegna málanna í maí í fyrra.

Samkvæmt ákvörðun biskups er guðsmaðurinn í leyfi á meðan mál gegn honum eru í vinnslu á kirkjulegum vettvangi.

Einar Gautur Steingrímsson, lögmaður Ólafs, segir að þar sem hann sé enn skipaður sóknarprestur í Grensásprestakalli muni hann sinna skyldum sínum og mæta til vinnu um leið og leyfi hans lýkur. – sa




# Vandræði VG hafi ekki áhrif á ríkisstjórnina

**Stjórnmálafræðiprófessor segir ríkisstjórnina sigla lygnan sjó þrátt fyrir vandræði innan VG. Stjórnin þurfi ekki að reiða sig á atkvæði Rósu Bjarkar Brynjólfsdóttur og Andrésar Inga Jónssonar. Reynt að greiða úr málum á þingflokksfundi í dag.**

**STJÓRNMÁL** Á þingflokksfundi Vinstri grænna verður reynt að leysa úr þeim samskiptaörðugleikum sem hafa ríkt innan þingflokksins frá því hann settist í ríkisstjórn með Framsókn og Sjálfstæðisflokknum. Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði, segir málið litlu skipta fyrir ríkisstjórnina.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingflokksformaður VG, opinberaði á fimmtudaginn í samtali við Fréttablaðið að samskipti innan þingflokksins hefðu verið erfið. Einnig hafði hún reynt að kalla inn varamann fyrir Rósu Björk Brynjólfsdóttur, oddvita flokksins í stærsta kjördæmi landsins, að henni forspurðri.

Grétar Þór segir meirihlutann vera sterkan á þingi. „Þótt tveir þingmenn VG styðji ekki ríkisstjórnina er þingmeirihlutinn samt traustur. Þá munu Rósa Björk og Andrés Ingi líkast til ekki kjósa gegn stjórninnni í mörgum málum. Því eru líkur á að þetta hafi lítil sem engin áhrif á ríkisstjórnina og þann meirihluta sem uppi er á þingi,“ segir Grétar Þór.

Tveir ráðherrar Sjálfstæðisflokks hafa á síðustu dögum talið meirihlutann vera 33 þingmenn en ekki 35 líkt og var í upphafi og hafa því í orðum úthýst Rósu Björk og Andrési Inga úr stjórnarsamstarfinu.

Grétar Þór segir þó að samskiptaerfiðleikarnir séu öllum ljósir og það sé aldrei gott fyrir flokk sem sitji í ríkisstjórn örfáum mánuðum eftir myndun hennar. „Samskiptaerfiðleikarnir eiga rætur að rekja til þess að þau studdu ekki ríkisstjórnarsamstarfið frá byrjun. Því er áhugavert að velta því fyrir sér hvort þau séu í raun hluti af þingflokki VG eða fái bara að fljóta með. Þessi núningur manna á milli innan flokksins virðist hins vegar ekki hafa áhrif á stjórnarsamstarfið.“

Þingflokksfundurinn í dag er ætlaður til að reyna að sætta mannskapinn. „Þetta er meira spurning um anda og móral. Það er áhugavert að lesa í það að þingflokksformaður hafi hlutast til um það að kalla inn varamann fyrir þingmann án þess að ræða það. Þá er ljóst að samskiptin eru ekki góð.“ sveinn@frettabladid.is



Rósa Björk Brynjólfsdóttir og Andrés Ingi Jónsson studdu vantraust á dómsmálaráðherra á dögunum. Samskiptin eru erfið innan VG. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Samskiptaerfiðleikarnir eiga rætur að rekja til þess að þau studdu ekki ríkisstjórnarsamstarfið frá byrjun.



Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði




HYBRID **Orkuskiptin eru hafin!** Gríptu tækifærið og kauptu Hybrid á góðum kjörum.

## Í fullkomnu flæði

Toyota C-HR er fínslípaður demantur sem sker sig úr hvar sem hann kemur. Kröftug vél, einstakir aksturseiginleikar ásamt háþróuðu farþegarými sjá til þess að þú líðir um strætin í fullkomnu flæði. Komdu, taktu í stýrið og finndu hvernig Toyota C-HR skapar algjörlega ný viðmið.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Toyota C-HR**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**Vildarpunktar Icelandair með öllum nýjum Toyotum**

5 3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## Vildi fá bætur eftir flugeldaslys

**SLYS** Karlmaður fær ekki bætur úr ábyrgðartryggingu flugeldasala eftir að eining úr skotköku sprakk í andlit hans. Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar í vátryggingamálum (ÚNVá).

Maðurinn kveikti í skotköku laust eftir miðnætti aðfaranótt nýársdags árið 2017. Þráðurinn brann upp en ekkert gerðist. Maðurinn gekk þá að kökunni og kraup niður til að kanna kökuna. Fór hún þá skyndilega af stað með fyrrgreindum afleiðingum. Maðurinn var ekki með hlífðargleraugu og slasaðist nokkuð á andliti.

Maðurinn krafðist þess að vátryggingafyrirtæki flugeldasalans bætti tjón hans. Kakan hefði verið gölluð og að viðvaranir og leiðbeiningar hefðu ekki gefið til kynna að menn ættu að halda sig frá henni í lengri tíma eftir að eldur væri borinn að kveikiþræðinum. Þá hefði kynning og sala skotkökunnar ekki verið í samræmi við ákvæði reglugerðar um skotelda.

Í niðurstöðu ÚNVá segir að engin rannsókn hafi farið fram á því hvort kakan hafi verið gölluð eður ei. Ekki þótti sýnt fram á að flugeldasalinn bæri nokkra ábyrgð á slysinu og var bótakröfunni hafnað af þeim sökum. **– jóe**

## Lántakar LÍN fái skattaafslátt

**STJÓRNMÁL** Sigríður María Egilsdóttir, varaþingmaður Viðreisnar, hefur lagt fram frumvarp á Alþingi sem felur í sér að greiðslur af námslánum hjá LÍN verði frádráttarbærar frá skattskyldum tekjum að sömu upphæð. Þó að hámarki 1 milljón króna á ári.



**Sigríður María Egilsdóttir.**

Í greinargerð með frumvarpinu segir að markmið þess sé í fyrsta lagi að jafna stöðu einstaklinga sem sótt hafa sér menntun en ganga ekki endilega inn í hálaunastöður að námi loknu.

Þá er frumvarpinu ætlað að vera efnahagslegur hvati fyrir lánþega sem lokið hafa námi til þess að greiða niður lán sín fyrr en ella og að gefa lánþegum LÍN sem lokið hafa námi kost á því að greiða niður hluta námslána sinna hjá LÍN árlega, en njóta á móti skattalegs hagræðis af því að hafa skattalega heimilisfesti á Íslandi. **– jhh**

# Ráðherra vill meira samráð um flutningskerfi raforku

**ORKUMÁL** Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir iðnaðarráðherra boðar aukið samráð um málefni flutningskerfis raforku með því að setja á laggirnar hagsmunaráð sem á að styrkja áætlanagerð, framkvæmdir og forgangsröðun framkvæmda. Þetta kom fram í ræðu ráðherrans á ársfundi Landsnets í síðustu viku.

„Með slíku hagsmunaráði gefst tækifæri til að leiða saman ólíka hagsmunaaðila, draga fram nýjar hugmyndir um lausnir á ýmsum viðfangsefnum og ná fram betri skilningi á milli hagsmunaaðila um verkefnin fram undan,“ sagði Þórdís Kolbrún.

Hagsmunaráð eins og þetta hefur verið starfrækt í Danmörku í á annan áratug. Landsnet fagnar þessari stefnu iðnaðarráðherrans og segir hana í takt við stefnu fyrirtækisins.

„Munurinn á því sem við erum að gera með samráðshópnum, verkefnaráðunum og hagsmunaráðinu



**Landsnet fagnar stefnu iðnaðarráðherra sem vill aukið samráð í raforkumálum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

sem Kolbrún talar um er að verkefnaráðin okkar eru um einstaka framkvæmdir. Hagsmunaráðinu er hins vegar ætlað að fókusera á stærri myndina,“ segir Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Landsnets.

„Við hjá Landsneti vonumst til að það verði skipað í ráðið fljótlega, vinna við kerfisáætlun er komin í gang. Skipun hagsmunaráðsins er í takt við stefnu okkar um samtal og samráð fyrr í ferlinu og því fögnum við því,“ bætir Steinunn við. **– sa**

# Matarkarfan hækkar í verði

**Meirihluti matvörunnar í verðkönnun Fréttablaðsins hjá Costco og Bónus hefur hækkað milli kannana. Viðskiptavinir kvarta á Facebook yfir verðhækkunum hjá Costco. Kílóverð á hveiti hækkað mest hjá Bónus.**

**NEYTENDUR** Verð á völdum matvörum í verðkönnun Fréttablaðsins hjá Costco og Bónus þann 15. mars hefur hækkað frá síðustu könnun blaðsins. Mesta hækkunin hjá Costco nemur tæpum 18 prósentum, á mjólkurlítranum, á meðan kíló af hveiti hefur hækkað um 20 prósent hjá Bónus.

Í matarkörfu Fréttablaðsins, sem byggir á völdum vörum úr verðlagsathugunum ASÍ, voru fjórtán vörur að þessu sinni.

Tólf þeirra voru til í Costco að þessu sinni en af þeim höfðu átta hækkað í verði frá síðustu könnun sem gerð var 2. nóvember síðastliðinn. Tvær vörur, Smjörvi og óhrært Skyr, voru merktar á sérstöku tilboðsverði, en sú síðarnefnda hafði þrátt fyrir það hækkað lítillega milli kannana. Í einum fjölmennasta Facebook-hópi Íslands, Keypt í Costco, hafa notendur að undanförnu kvartað sáran yfir gríðarlegum verðhækkunum á einstaka vörum. Kannanir Fréttablaðsins sýna í það minnsta að meirihluti matvöru hefur hækkað í verði undanfarna mánuði. En ekki hækkar þó allt. Kílóverð á bönunum hafði lækkað mest hjá Costco milli kannana, eða um 6,8 prósent. Kílóverð á ferskum, heilum kjúklingi og fersku nautahakki hafði síðan lækkað um 2,8 og 2,6 prósent.

Allar fjórtán vörurnar voru til í Bónus Kauptúni þar sem athugunin var gerð að þessu sinni, en af þeim höfðu níu hækkað í verði. Verð á þremur vörum reyndist óbreytt frá síðustu könnun sem gerð var 3. nóvember. Hafa ber í huga að þó hækkunin á nautahakki virðist töluverð hjá Bónus helgast hún af því að þar var leitað að lægsta kílóverði í boði, og var ódýrari vara til í könnuninni 3. nóvember en þeirri sem gerð var 15. mars. Hjá Bónus reyndist mesta



**Meirihlutinn úr matarkörfu Fréttablaðsins hefur hækkað hjá Bónus og Costco frá fyrri könnunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Verðkönnun Fréttablaðsins

| | Bónus 15. mars | Bónus 3. nóv. | Breyting | Costco 15. mars | Costco 2. nóv. | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Smjörvi 400 g | 479 kr. | 478 kr. | 0,2% | 469 kr. | 479 kr. | -2% |
| MS Léttmjólk 1l | 145 kr. | 139 kr. | 4,3% | 159 kr. | 135 kr. | 17,7% |
| MS Skyr óhrært 500 g | 229 kr. | 229 kr. | Óbreytt | 219 kr. | 217 kr. | 0,9% |
| AB Mjólk hrein 1l | 303 kr. | 289 kr. | 4,8% | 299 kr. | 279 kr. | 7,1% |
| Kjúklingur, heill, ferskur * | 679 kr. | 695 kr. | -2,3% | 679 kr. | 699 kr. | -2,8% |
| Nautahakk, ferskt * | 1.898 kr. | 1.598 kr. | 18,7% | 1.849 kr. | 1.899 kr. | -2,6% |
| Hveiti * | 95 kr. | 79 kr. | 20% | 130 kr. | 129 kr. | 0,8% |
| Sykur * | 98 kr. | 115 kr. | -14,8% | 105 kr. | 100 kr. | 5% |
| Bananar * | 179 kr. | 179 kr. | Óbreytt | 205 kr. | 220 kr. | -6,8% |
| Epli, rauð * | 219 kr. | 195 kr. | 12,3% | Kr./kg ekki uppgefið | 325 kr. | X |
| Eggaldin * | 498 kr. | 579 kr. | -14% | Ekki til | 733 kr. | X |
| Coca Cola ** | 143 kr. | 135 kr. | 5,90% | 125 kr. | 114 kr. | 9,6% |
| Filippo Berio ólífuolía *** | 1.064 kr. | 1.064 kr. | Óbreytt | 809 kr. | 780 kr. | 3,7% |
| Heinz bakaðar baunir 415 g | 95 kr. | 89 kr. | 6,70% | 81 kr. | 80 kr. | 1,25% |

*Lægsta kílóverð **Lítraverð ***Lægsta lítraverð

lækkunin vera á kílói af sykri, 14,8 prósent, en kílóverð á eggaldini hafði lækkað um 14 prósent.

Sem fyrr var aðferðafræðin við verðathugun Fréttablaðsins sú sama og hjá Verðlagseftirliti ASÍ, þar sem skráð er niður uppgefið hilluverð vöru. Það byggir á því að það er verðið sem neytandinn hefur upplýsingar um inni í búðinni að hann eigi að greiða fyrir vöruna. Könnunin var gerð sem fyrr segir þann 15. mars í verslunum Bónus og Costco í Kauptúni.

**mikael@frettabladid.is**



ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Jeep - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
www.jeep.is - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

考

# HUGSANLEGA BESTU KAUPIN




**Outlander Invite PHEV**
**4x4, sjálfskiptur, frá:**
**4.540.000 kr.**

## Nú fylgir þjónustuskoðun í tvö ár með nýjum Outlander PHEV

**Mitsubishi Outlander PHEV** hefur slegið rækilega í gegn hjá þjóðinni og varð vinsælasti bíllinn í flokki jeppa og jepplinga árið 2017. Í krafti vinsældanna á 100 ára afmælisári Mitsubishi getum við áfram boðið frábær kjör á þessum magnaða bíl. Hann er ríkulega útbúinn með 5 ára ábyrgð og 8 ára ábyrgð á rafhlöðu. Þú getur tryggt þína ábyrgð hjá viðurkenndum þjónustuaðila, því nú fylgir þjónustuskoðun í tvö ár með í kaupunum* á nýjum Outlander PHEV frá HEKLU. Nú er tækifærið til að skipta yfir í vistvænan bíl. Hlökkum til að sjá þig!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5

**Outlander Invite PHEV**

- Margmiðlunartæki með skjá
- Leðurklætt aðgerðastýri fyrir útvarp, hraðastilli og Bluetooth
- USB tengi
- 6 hátalarar
- DAB+ (Digital Audio) útvarpstæki
- LED dagljós
- Regn- og ljósaskynjarar
- Rafdrifnar rúður
- Þokuljós að framan
- Hæðarstillanlegt bílstjórasæti
- 7 SRS loftpúðar
- ASTC spólvörn
- Brekkuaðstoð (Hill Start Assist)
- Rafmagnshandbremsa með sjálfvirkri biðstöðu
- Aflendurheimt á hemlum fyrir rafmótor
- AVAS hljóðviðvörunarkerfi
- Bakkmyndavél
- Samlitir, aðfellanlegir rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar
- 18" álfelgur 225/55 R18
- App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu
- Lyklalaus ræsing
- Skyggðar afturrúður
- Hiti í sætum
- Hraðastillir
- Tvískipt miðstöð með forhitara

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

*Nánari upplýsingar um þjónustuskoðun HEKLU má finna á hekla.is. Verð, tilboðsverð og búnaður eru háð gengi erlendra gjaldmiðla á hverjum tíma og geta því breyst án fyrirvara.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ



Tyrkneskur hermaður og liðsmaður Free Syrian Army. NORDICPHOTOS/AFP

## Afrin á valdi Tyrkja og Sýrlendinga

**SÝRLAND** Sýrlenskar og tyrkneskar hersveitir hafa náð sýrlensk-kúrdísku borginni Afrin á sitt vald. Skriðdrekar og liðsmenn sveitanna náðu inn í hjarta borgarinnar í gær og felldu kúrdíska minnisvarða og földu fána þeirra og merki.

Átök um borgina hafa staðið í um tvo mánuði og hafa hundruð týnt lífi í þeim.

„Flestir kúrdísku hryðjuverkamannanna hafa nú þegar flúið borgina. Í miðborg Afrin blaktir nú fáni trausts og stöðugleika í stað klúta hryðjuverkamanna sem voru þar fyrir,“ segir Recep Tayyip Erdogan Tyrklandsforseti af þessu tilefni. – **jóe**

## FRÉTTABLAÐIÐ.IS

### MEST LESIÐ

1 Til skoðunar að ríkisstjórnin sniðgangi HM

2 Þeir börðust við ISIS með Hauki

3 Vigdís fyllti holur á götum borgarinnar með blómum

4 Sjáðu ótrúlegt mark Rúnars gegn gamla félaginu | Myndband

5 Sagðist vera á lífi en tapaði málinu fyrir dómi

# Viðbúinn stórsigur hins þaulsetna Vladimírs Pútín

**RÚSSLAND** Vladimír Pútín var í gær kjörinn forseti Rússlands á nýjan leik. Sigur forsetans var öruggur og komu niðurstöður kosninganna fáum á óvart.

Útgönguspár benda til þess að Pútín hafi fengið tæp 74 prósent atkvæða eða um tíu prósentum meira en í forsetakosningunum árið 2012. Kosningaþátttaka var nokkuð dræm eða tæp 64 prósent.

Pavel Grúdinín fékk næstflest atkvæði eða rúm ellefu prósent. Helsta andstæðingi Pútíns, Alexei Navalní, hafði verið meinað að bjóða sig fram í kosningunum.

„Bilið milli Pútíns og næsta frambjóðanda segir sína sögu. Niðurstöður kosninganna veita Pútín skýrt umboð til að taka mikilvægar ákvarðanir en margar slíkar eru á döfinni,“ segir í yfirlýsingu frá framboði Pútíns. Þar var kosningasigrinum lýst sem „stórkostlegum“.

Nokkuð hefur verið sett út á ýmislegt í framkvæmd kosninganna. Meðal annars buðu ýmsar verslanir í nágrenni kjörstaða upp á frían mat og afslætti á ýmsum varningi. Upptökur af kjörstöðum benda einnig til þess að á einhverjum stöðum hafi starfsmenn kjörstjórna komið auka atkvæðaseðlum fyrir í kjörkössum.

Vladimír Pútín hefur verið forseti Rússlands frá 1999 ef frá er talið tímabilið 2008-2012. Rússneska stjórnarskráin meinaði honum að sitja lengur sleitulaust en tvö kjörtímabil. Neyddist hann því til að hafa sætaskipti við Dimitri Medvedev í fjögur ár og setjast í stól forsætisráðherra á meðan. – **jóe**



Sigur forsetans var öruggur. Niðurstöður komu ekki á óvart. NORDICPHOTOS/AFP

# Vogur fullur og neyslan eykst

**Frá 1984 hefur sjúkrarúmum fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga fækkað um 200. Biðlistar eftir að komast að í meðferð lengjast. Nauðsynlegt að verja meira fé til málaflokksins að mati framkvæmdastjóra lækninga.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Að meðaltali bíða um 5-600 manns eftir því að komast að hjá SÁÁ. Framkvæmdastjóri lækninga hjá samtökunum segir að þau geti illa annað eftirspurn.

Þegar mest var, árið 1985, voru 265 sjúkrarúm hér á landi ætluð áfengis- og vímuefnasjúklingum. Frá árinu 2010 hafa þau hins vegar verið 62. Samhliða fækkun rúma hefur fólki hér á landi fjölgað jafnt og þétt auk þess að neysla ýmissa fíkniefna hefur færst nokkuð í aukana.

„Alla þessa öld höfum við sinnt sama fjölda af fólki. Eftirspurnin núna er meiri en við getum annað og það er nýtt,“ segir Valgerður Rúnarsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga á Vogi. „Það eru margir samverkandi þættir sem orsaka þetta. Rúmum hefur fækkað, fólki fjölgað og neysla aukist.“

Ár hvert leggjast 2.200 einstaklingar inn hjá SÁÁ en ríkið greiðir fyrir um 1.500 innlagnir. Samtökin þurfa því að reiða sig á fjáröflun og styrkveitingar til að brúa það bil.

„Samningur um sjúkrahúsið Vog er svo naumt skammtaður frá hendi ríkisins að segja má að SÁÁ hafi afhent allan sinn hluta samningsins fyrir miðjan september ár hvert. Það sem eftir lifir almanaksársins er lífsbjargandi þjónustan á Vogi í boði SÁÁ, álfasölufólks og annarra velunnara samtakanna,“ segir í pistli Arnþórs Jónssonar, framkvæmdastjóra SÁÁ, á heimasíðu samtakanna.

„Ekki vantar háa peningaupphæð svo hægt sé að klára árið. Örfáir aðstoðarmenn ráðherra í núverandi ríkisstjórn taka til sín hærri upphæð svo dæmi sé nefnt,“ segir hann enn fremur.

Valgerður segir ríkið þurfa að stíga inn í. „Það blasir við hverjum sem það vill sjá að viðbúnaður ríkisins í þessum málum er of lítill. Það þarf að gera miklu meira í þessum efnum. Góð byrjun væri ef við fengjum greitt að fullu fyrir það sem við gerum en að auki þarf Landspítalinn miklu meira. Það er búið að skera mjög mikið niður þar líka,“ segir Valgerður.

„Stjórnvöld verða að taka ábyrgð á þessum alvarlega málaflokki. Hver króna í slíka meðferð sparar annars staðar í ríkiskassanum.“

**joli@frettabladid.is**



Þegar mest var, árið 1985, voru 265 sjúkrarúm hér á landi ætluð áfengis- og vímuefnasjúklingum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

> Stjórnvöld verða að taka ábyrgð á þessum alvarlega málaflokki.
>
> Valgerður Rúnarsdóttir, læknir hjá SÁÁ









CHAR-BROIL BIG EASY
Steikarofn, reykofn og grill
54.900 KR.



CHAR-BROIL GASGRILL
Grillflötur 420x440 mm
2 brennarar
69.900 KR.



CHAR-BROIL GASGRILL
Grillflötur 670x470 mm
3 brennarar
109.900 KR.



CHAR-BROIL TITAN GASGRILL
Grillflötur 670x485 mm
3 brennarar
189.000 KR.

Öll Char-Broil grillin eru með TRU-infrared tækninni sem kemur í veg fyrir eldtungur og tryggir jafnari steikingu.

Rekstrarland er opið alla virka daga kl. 8–17.

Rekstrarland verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Sími 515 1500 | rekstrarland.is

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís




KOMDU OG REYNSLUAKTU RENAULT CLIO
Í NÝRRI OG SPENNANDI ÚTFÆRSLU

Það er kominn nýr Renault Clio með vandaðri innréttingu og nýju, spennandi útliti. Komdu og reynsluaktu Íslandsmeistaranum í sparakstri 2017 og þú munt sjá að þú kemst víðar og tankar sjaldnar á nýjum Renault Clio.

RENAULT CLIO ZEN
BENSÍN, ELDSNEYTISNOTKUN 4,6 L/100 KM*

VERÐ: 2.350.000 KR.

Renault Clio ZEN staðalbúnaður m.a.: 16" álfelgur, 7" snertiskjár með íslensku leiðsögukerfi, leðurklætt stýri, loftkæling o.fl. Sjá renault.is

E F

„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Gæslumenn náttúrunnar



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Íslendingar eiga mætavel að vita að náttúrufegurð þessa lands verður ekki metin til fjár. Það er þeirra að hlúa að náttúrunni og vernda hana fyrir ágangi. Það getur reyndar verið verulegum erfiðleikum háð í landi þar sem ferðamannastraumur er svo mikill að náttúruperlur bíða skaða af. Þá er um að gera að sofna ekki á verðinum. Hið sama á við þegar kemur að virkjanaframkvæmdum, sem verða að vera innan skynsamlegra marka. Náttúruperlum á ekki að fórna vegna tilhugsunar misvitra áhrifamanna um skyndilegan gróða. Mörgum sem valdið hafa finnst náttúra landsins lítils virði sé ekki hægt að nýta hana.

Þeir einstaklingar sem unna náttúrunni og telja mikilvægt að vernda hana eru oft stimplaðir sem rómantískir sveimhugar. Sagt er að þeir viti ekkert um praktík og hrífist um of af landslagi. Þeir eru ekki taldir sérlega marktækir í umræðunni. Við þurfum ekki annað en að horfa aftur til síðasta sumars þegar umræða varð um virkjun Hvalár í Ófeigsfirði á Ströndum vegna frumkvæðis Tómasar Guðbjartssonar læknis. Hann hafði kynnt sér svæðið og varaði mjög við því að ósnortin víðerni sem væru einstök á heimsvísu yrðu virkjuð. Vitanlega fékk Tómas bágt fyrir. Hann var sagður maður að sunnan sem skildi ekki mikilvægi uppbyggingar á landsbyggðinni. Staðreyndin er sú að hann var að benda á hversu gríðarleg mistök það væru að virkja á stað sem flokka má sem náttúruperlu. Af því hlytist óbætanlegur skaði.

Nýleg frétt um fyrirhugaða virkjun hefur vakið athygli en sú er ekki á Ströndum, heldur á allt öðrum stað, í Þjórsá. Þar er að finna hverja virkjunina á fætur annarri. Reyndar svo margar að einhverjir hljóta að freistast til að fórna höndum og segja: „Ekki meir, ekki meir!“ En þar er víst meira pláss. Þjórsá hlýtur að teljast sannur happafengur fyrir virkjanasinna því hún tekur lengi við.

Nýlega birti Skipulagsstofnun álit sitt um umhverfisáhrif vegna Hvammsvirkjunar í Þjórsá. Þar kemur fram að stofnunin telur að áhrif virkjunar á landslagið muni verða verulega neikvæð og áhrif á ferðaþjónustu og útivist talsvert neikvæð. Setningin „verulega neikvæð áhrif á landslag“ hljómar eins og viðvörunarbjöllur. En ekki í hugum forstjóra Landsvirkjunar og oddvita hreppsnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem hafa sagt að þeir hafi engan áhuga á að endurskoða virkjanaáformin. Þeir þurfa þess heldur ekki því álit Skipulagsstofnunar er bara álit. Stofnunin hefur víst ekki vald til að kveða upp lokaúrskurð. Það vald hafði hún hér áður fyrr en stjórnmálamenn breyttu því. Þeir vita ekki alltaf hvað þeir gjöra.

Það er full ástæða til að taka undir þau orð Snorra Baldurssonar, stjórnarmanns hjá Landvernd, að álit Skipulagsstofnunar eigi ekki að vera álit sem hægt sé að hunsa heldur hreinlega úrskurður sem framkvæmdaaðilar og sveitarfélög verða að fara eftir. Gæslumenn náttúrunnar, þeir einstaklingar sem vilja mikið á sig leggja til að vernda hina ósnortnu náttúru landsins, eru mikilvægir. Lokaorðið á að vera þeirra.

**Náttúruperlum á ekki að fórna vegna tilhugsunar misvitra áhrifamanna um skyndilegan gróða.**





Listmunauppboð
í Gallerí Fold
mánudaginn 19. mars, kl. 18
Forsýning í Gallerí Fold mánudag kl. 10–17
Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is
LISTMUNASALA fold
Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is


## Halldór




## Frá degi til dags

**Rússnesk kosning Bjarna**
**Tveir óumdeildir og óskoraðir leiðtogar leiðitamra hjarða hertu tökin á sínu fólki í gær. Vladimír Pútín verður forseti Rússlands næstu sex ár með rúmlega 70 prósenta fylgi og getur því ótruflaður haldið áfram að brugga fjendum sínum varasamt te. Góður árangur en jafnast ekki á við þau 99 prósent sem forverar hans fengu í gamla Sovét í alvöru „rússneskum kosningum“. Svona eins og kosningin sem Bjarni Benediktsson fékk sem formaður Sjálfstæðisflokksins í gær. Rúmlega 96 prósent.**

**Ástarkveðja frá Rúvlandi**
**Haukur Hauksson, ferðamálafrömuður og Moskvubúi, er lítt hrifinn af því hvernig fjallað er um Rússland og Pútín í fréttum RÚV. Honum var nóg boðið um helgina: „Sérfræðingur rúvsins í St. Pétursborg, annað eins bull og það á okkar kostnað,“ skrifaði hann á Facebook um fréttir af kosningunum í Rússlandi og sagði heilaþvottinn halda áfram. Þetta kom illa við kauninn á aðalstjórnu RÚV, Agli Helgasyni, sem spurði Hauk hvaðan taumlaust hatur hans á RÚV kæmi. Olía reiðibálsins ku vera fúsk, eða skortur á fagmennsku. „Málið er að þetta er ekki lélegt skólablað eða poppstöð, þeir hafa skyldur um hlutleysi og vönduð vinnubrögð.“**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Að ganga óbundin frá kosningum



Guðmundur Andri Thorsson
alþingismaður

Í umræðum um vantraust á núverandi dómsmálaráðherra, Sigríði Á. Andersen, var það gjarnan viðkvæðið hjá samráðherrum hennar úr stjórnarflokkunum, VG, Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki, að vantraustið væri rökstutt með ólíkum hætti af ólíkum flokkum stjórnarandstöðunnar. Mátti skilja á þeim að það réttlætti með einhverjum hætti störf dómsmálaráðherrans.

Eitthvað urðu þau auðvitað að segja; ekki gátu þau varið embættisfærslu ráðherrans sem tókst að skipa heilt nýtt dómstig í landinu með því að brjóta lög, skapa réttaróvissu og hleypa öllu í bál og brand. En hitt er reyndar rétt: við erum býsna ólík í stjórnarandstöðunni; hvernig má annað vera? Þarna eru ekki náttúrulegir bandamenn samankomnir – flokkarnir eru einfaldlega myndaðir utan um ólíkar hugsjónir, ólíka lífssýn. Sigmundur Davíð er ekki jafnaðarmaður – né þykist hann vera það. Stjórnarandstaðan hverju sinni er skilgreind út frá ríkisstjórninni hverju sinni. Sjálf ríkisstjórnin er mynduð af flokkum sem ekki eru náttúrulegir bandamenn, eru myndaðir utan um ólíkar hugsjónir – sækja umboð til ólíkra hugsjónahópa. Hugmyndalega eiga kjósendur VG frekar samleið með kjósendum Samfylkingarinnar, Pírata og jafnvel Viðreisnar en þeirra flokka sem forystan kaus að fara í stjórn með. Kosningabarátta VG endurspeglaði það þegar flokkurinn stillti sér upp sem eina valkostinum við Sjálfstæðisflokkinn – sem reyndist svo sjálfur valkosturinn eftir kosningar.

Sé stjórnarandstaðan sundurlaus endurspeglar það einfaldlega að stjórnin er mynduð kringum eitthvað annað en hugsjónir sem við kennum við vinstri og hægri; og er afleiðing af þeim sið íslenskra stjórnmálaflokka að „ganga óbundnir frá kosningum“, svo að fólk sem taldi sig vera að kjósa gegn stjórnarháttum Sigríðar Á. Andersen og Bjarna Benediktssonar var í rauninni að kjósa þá yfir sig.

Kannanir sýndu að yfir 70% landsmanna töldu að Sigríður ætti að víkja úr ráðherrastóli eftir að Hæstiréttur dæmdi embættisfærslu hennar við setningu nýs dómstigs ólöglega. Ekki er víst að það mat fólks hafi allt verið á nákvæmlega sömu forsendum. Skyldi það vera ástæða þess að stjórnarflokkarnir hafa hunsað vilja landsmanna í þessu máli?

**Kannanir sýndu að yfir 70% landsmanna töldu að Sigríður ætti að víkja úr ráðherrastóli eftir að Hæstiréttur dæmdi embættisfærslu hennar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Hvernig væri að ráða hæfasta fólkið?



**Sæunn Kjartansdóttir**
sálgreinir

Við búum ekki vel að yngstu börnunum okkar. Þau sem eiga tvo foreldra fá að hafa annað þeirra hjá sér fyrstu níu mánuði ævinnar en börn einstæðra foreldra verða að komast af með sex. Eftir það er tilvera ungbarna eins og hvert annað lotterí. Er barnið svo lánsamt að foreldrar þess geta og vilja forgangsraða tíma sínum með því? Er einhver ókunnug manneskja til í að taka það að sér ásamt fjórum jafnöldrum þess? Eða er séns að koma því í yfirfulla og undirmannaða leikskóla?

Það verður aldrei nógsamlega ítrekað að byggingarefni sjálfsins er umönnun fyrstu áranna. Hún leggur grunn að hugmyndum barna um sjálf sig og heiminn sem þau fæddust í, getu þeirra til að takast á við erfiðar tilfinningar og eiga í samskiptum við aðra. Allir þessir þættir hafa áhrif á líkamlega og andlega heilsu fram á fullorðinsár.

**Pólitísk rétthugsun**

Of lengi hafa það verið viðtekin sannindi að börnum frá eins árs aldri sé best komið í leikskóla. Af almennri umræðu mætti ætla að foreldrar iði í skinninu eftir að geta „haldið áfram með líf sitt“ í vinnunni. Við skilgreinum leikskóla sem fyrsta skólastigið og gerum mikið úr menntunarhlutverki hans. Hvaðan kemur sú hugmynd að eins árs gömul börn þarfnist menntunar? Fyrstu árin er vitsmunaheilinn í mótun og mikilvæg skilyrði fyrir þroska hans eru að barni sé hlíft við óhóflegri streitu. Hvað veldur börnum mestri streitu á þessum aldri? Aðskilnaður frá foreldrunum eða þeim sem þekkja barnið best. Áhersla á félagslega færni og aðlögun að hópi lítilla barna og nýju og nýju starfsfólki er fullkomlega ótímabær og til þess fallin að auka streitu hjá ungum börnum. Eins og allir vita glíma leikskólar við króniskan skort á hæfu starfsfólki. Samt vilja margir leysa vanda yngstu barnanna með því að byggja fleiri slíka. Hvort sem tekið er mið af hagsmunum barna eða kostnaði samfélagsins þegar til lengri tíma er litið eru þær hugmyndir afleitar. Fyrstu tvö árin þarfnast börn einstaklingsmiðaðrar umönnunar sem getur aldrei orðið ódýr. Það er á hinn bóginn mjög kostnaðarsamt fyrir samfélagið að tíma ekki að hugsa almennilega um börn.

> **Þangað til fæðingarorlofið verður tvö ár fyrir öll börn er mikilvægt að leita leiða til að koma til móts við ungbarnafjölskyldur og gera foreldrum kleift að vera lengur heima með barni sínu eða stytta tímann sem þau eru aðskilin.**

**Róttækra breytinga er þörf**

Brýnasta hagsmunamál ungbarna er lengra fæðingarorlof. Nú stendur til að lengja það í tólf mánuði fyrir börn sem eiga tvo foreldra en sjö fyrir börn einstæðra foreldra. Við þurfum að gera mun betur. Þangað til fæðingarorlofið verður tvö ár fyrir öll börn er mikilvægt að leita leiða til að koma til móts við ungbarnafjölskyldur og gera foreldrum kleift að vera lengur heima með barni sínu eða stytta tímann sem þau eru aðskilin. Mikilvægur liður í þeirri viðleitni er stytting vinnuvikunnar ásamt sveigjanlegum vinnutíma foreldra og vistunartíma leikskóla þannig að báðir foreldrar geti sinnt barni og starfi.

Að auki legg ég til að foreldrum verði gefinn kostur á að nýta það fjármagn sem sveitarfélögin verja til að niðurgreiða pláss á leikskólum. Heilsdagsvist á leikskóla fyrir eins árs gamalt barn kostar Reykjavíkurborg u.þ.b. 280 þúsund kr. á mánuði og tveggja ára gamalt 240 þúsund kr. Með því að greiða foreldrum þá upphæð væri í flestum tilvikum hæfasta fólkið valið til að sinna ábyrgðarmesta hlutverkinu. Á sama tíma væri álagi létt af aðþrengdum leikskólum. Kysu foreldrar að fela öðrum umsjá barnsins síns gætu þeir greitt dagforeldri sömu upphæð með því skilyrði að ekki væru fleiri en þrjú börn yngri en tveggja ára á ábyrgð hvers dagforeldris. Skilyrði fyrir kerfi af þessu tagi er að greiðslur væru raunhæfur valkostur fyrir alla foreldra en ekki ölmusa fyrir konur. Mögulega gætu ríki og sveitarfélög tekið höndum saman þangað til lengra fæðingarorlof verður að veruleika.

Margir foreldrar munu áfram kjósa leikskóla umfram aðra valkosti og fyrir börn sem eru orðin tveggja til þriggja ára gegna þeir mikilvægu hlutverki. En eigi leikskólar að taka við börnum yngri en tveggja ára verða þeir að vera vel mannaðir hæfu starfsfólki sem hefur skilning á viðkvæmni þeirra og getu til að sinna svo ungum börnum. Mikilvægasta hlutverk starfsfólks er að veita börnunum öryggi en forsenda þess er samfella í tengslum starfsmanns og barns. Starfsmenn þurfa jafnframt að vera færir um að lesa í þarfir sérhvers barns, hlusta á það, leyfa því að verða háð sér, bregðast fljótt við vanlíðan barnsins og sýna því umhyggju. Þannig er börnum veitt vernd gegn streitu sem er forsenda þess að þau geti gleymt sér í leik og lært.







FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## Deildarmeistaratitillinn að renna úr greipum FH-inga




Eftir sigur Selfyssinga á FH eru Selfoss, ÍBV og FH öll jöfn með 32 stig þegar ein umferð er eftir. FH-ingar gátu farið langleiðina að deildarmeistaratitlinum með sigri í gær en Selfyssingar reyndust sterkari. ÍBV er með pálmann í höndunum en þarf samt að treysta á FH í lokaumferðinni. Takist ÍBV að vinna Fram á sama tíma og FH vinnur Stjörnuna verða Eyjamenn meistarar en Selfyssingar eiga enn möguleika. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Vildum njóta þess að spila á ný

**Eftir að hafa misst af úrslitakeppninni í fyrra urðu Valskonur deildarmeistarar um helgina eftir fimm ára bið. Litlar væntingar voru gerðar til Valsliðsins sem reyndi að einblína á að njóta handboltans á nýjan leik.**

**HANDBOLTI** Valskonur tryggðu sér um helgina deildarmeistaratitilinn í Olís-deild kvenna með sigri á Haukum. Allt annað var að sjá til liðsins í ár eftir að hafa misst af úrslitakeppninni í fyrra.

### Engin pressa í ár

Kristín Guðmundsdóttir, einn reyndasti leikmaður liðsins, tók því fagnandi að vera farin að fagna titlum á ný.

„Það er auðvitað alltaf góð tilfinning að taka við bikar. Þessi var öðruvísi en titlarnir sem við fögnuðum hér áður fyrr hjá Val, þá spáðu allir okkur auðveldri leið að titlinum en í ár var okkur spáð um miðja deild. Við förum með öðru hugarfari inn í þetta tímabil því það voru litlar væntingar gerðar til okkar,“ segir Kristín sem fagnar því að vera komin aftur inn í úrslitakeppnina.



Kristín Guðmundsdóttir

„Það var hræðilegt að missa af úrslitakeppninni í fyrra, allt tímabilið í fyrra var vonbrigði. Markmiðið var úrslitakeppnin en kannski áttum við ekkert heima þar.“

### Þurftum að slípa saman liðið

Kristín hrósar Ágústi Jóhannessyni fyrir hans þátt í þessu öllu saman en hann tók við liðinu fyrir tæpu ári.

„Við förum inn í þetta tímabil með það að markmiði að njóta þess meira að spila handbolta. Gústi kemur inn í þetta á hárréttum tíma og hjálpaði okkur við að ná þessu hugarfari. Við vorum í smá púsli í byrjun tímabils, meiðslum og án markmanns, en náðum að leysa þetta vel,“ segir Kristín og bætir við: „Við þurftum að slípa saman liðið á ný en okkur hefur tekist að leysa allt til þessa.“ kristinnpall@frettabladid.is






## Nýjast

### Olís-deild karla

**ÍR - Fram 31-27**
**Markahæstir:** Bergvin Þór Gíslason 7, Þrándur Gíslason 7 Sturla Ásgeirsson 6 - Arnar B. Hálfdánarson 10, Andri Helgason 5.

**Fjölnir - Haukar 21-30**
**Markahæstir:** Andri Berg Haraldsson 6, Bjarki Lárusson 4 - Hákon Daði Styrmisson 6, Daníel Þór Ingason 4, Adam H. Baumruk 4.

*Fjölnismenn eru fallnir úr Olís-deildinni eftir tapið gegn Haukum..*

**Víkingur - Grótta 25-31**
**Markahæstir:** Birgir Már Birgisson 6, Magnús Karl Magnússon 4 - Júlíus Þórir Stefánsson 8, Gunnar Valdimar Johnsen 7.

**Valur - Afturelding 32-28**
**Markahæstir:** Anton Rúnarsson 9, Magnús Óli Magnússon 5, Vignir Stefánsson 4 - Gunnar K. Þórsson 6, Mikk Pinnonen 6.

**ÍBV - Stjarnan 29-28**
**Markahæstir:** Kári Kristján Kristjánsson 8, Andri Heimir Friðriksson 5 - Egill Magnússon 7, Leó Snær Pétursson 5.

**FH - Selfoss 29-34**
**Markahæstir:** Einar Rafn Eiðsson 9, Ágúst Birgisson 4, Óðinn Þór Ríkharðsson 4 - Teitur Örn Einarsson 10, Haukur Þrastarson 5.

### Domino’s-deild kvenna

**Skalllag. - Keflavík 82-86**
**Stigahæstar:** xCarmen Tyson-Thomas 39/17 fráköst, Jóhanna B. Sveinsdóttir 16, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 13 - Brittanny Dinkins 48/13 fráköst, Erna Hákonardóttir 11.

**Stjarnan - Snæfell 69-65**
**Stigahæstar:** Daniella Rodriguez 29, Bríet Hinriksdóttir 14, María Sigurðardóttir 13 - Kristen McCarthy 24/17 fráköst, Berglind Gunnarsdóttir 17, Rebekka Karlsdóttir 9..

**Haukar - Breiðablik 79-82**
**Stigahæstar:** Helena Sverrisdóttir 21, Whitney Frazier 21, Þórdís Kristjánsdóttir 10 - Whitney Knight 36/11 fráköst, Thelma Ásgeirsdóttir 14, Birgit Snorradóttir 10..

**Njarðvík - Valur 63-75**
**Stigahæstar:** Shalonda Winton 24/20 fráköst, Hrund Skúladóttir 13 - Aalyah Whiteside 25/12 fráköst, Hallveig Jónsdóttir 10, Guðbjörg Sverrisdóttir 10.

### Olís-deild kvenna

**Stjarnan - Selfoss 32-27**
**Markahæstar:** Ramune. Pekarskyte 8, Þórey Anna Ásgeirsdóttir 7, Brynhildur Kjartansdóttir 7 - Perla Ruth Albertsdóttir 8, Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 7.

**Grótta - Fjölnir 24-17**
**Markahæstar:** Lovísa Thompson 9, Emma Sardarsdóttir 4 - Díana Ágústdóttir 4, Elísa Ósk Viðarsdóttir 4, Andrea Jacobsen 3..

Keppti hún í stórsvigi og svigi og lenti í 41. sæti í sviginu en féll úr leik í stórsvigi.

### Skyndilega komin í guðatölu

Dagskráin er þétt hjá Freydísi en hún keppir reglulega fyrir hönd háskóla síns í Bandaríkjunum. Hún fékk góðan stuðning frá skólanum og eru nemendurnir duglegir að stöðva hana á göngunum og spyrja út í leikana sjálfa.

„Ég fékk mikinn stuðning frá skólanum og íþróttadeild skólans enda fyrsti nemandi skólans sem tekur þátt á Ólympíuleikunum. Ólympíuleikarnir eru stærra mál fyrir Bandaríkjamenn en Íslendinga, bara að komast inn á leikana þykir svakalegt og það vilja margir ræða við mann um þetta. Þú verður einhvers konar goð ef þú kemst á Ólympíuleikana hérna,“ segir Freydís og heldur áfram:

„Það eru ennþá í dag, mánuði síðar, margir að koma að mér og hrósa mér fyrir að hafa tekið þátt. Oft er þetta fólk sem ég þekki ekkert sem stöðvar mig á skólalóðinni og vill ræða við mig, hrósa mér og spyrja spurninga um leikana sjálfa.“



Freydís á ferðinni niður brekkurnar í PyeonChang en hún kom í mark í 41. sæti í svigi. NORDICPHOTOS/GETTY

### Draumur að vera fánaberi

Freydís fékk þann heiður að vera fánaberi íslenska liðsins á opnunarhátíðinni. Það var ólýsanleg tilfinning sem er föst í minni hennar.

„Þar var draumur að rætast, þetta var mikill heiður. Þetta hefur verið draumur manns allt frá æsku og ég mun aldrei gleyma þessu kvöldi,“ segir Freydís sem keppti í tveimur greinum á leikunum. Féll hún úr leik í stórsvigi en var í 41. sæti í sviginu.

„Það gekk vel í sviginu, ég var ekkert himinlifandi yfir því að detta í stórsviginu en ég tek þetta allt í reynslubankann. Það riðlaðist aðeins til í undirbúningnum, allar þessar frestanir í stórsviginu, og skyndilega var enginn dagur á milli til hvíldar og undirbúnings,“ segir Freydís. Það hafi verið erfitt að keppa í tveimur greinum með svona stuttri hvíld.

„Það var auðvitað erfitt að undirbúa sig án þess að fá hvíld á milli, bæði andlega og líkamlega. Eftir á hefði þessi pása auðvitað gert heilmikið en ég reyndi að vera jákvæð og hugsa að það lentu allir í þessu.“

Freydís fann fyrir pressu að klára í sviginu eftir að hafa fallið í stórsviginu. Vildi hún ná að klára keppnisgrein á Ólympíuleikum.

„Ég vildi auðvitað gera eins vel og ég gat en á sama tíma ná að klára keppni í sviginu. Ég setti smá pressu á mig að klára þar fyrst ég féll en ég skíðaði vel og náði góðum tíma.“

### Allt þess virði

Það kostar sitt að vera afreksíþróttamaður í einstaklingsgrein en Freydís er afar þakklát fyrir þann stuðning sem hún hefur fengið, bæði frá styrktaraðilum og ÍSÍ. Hún segir ekki mikinn mun á þessu keppnisári og öðrum þó að Ólympíuleikarnir væru á dagskrá. Áætlaður kostnaður á tímabili er um 5,5 milljónir hjá Freydísi.

„Þetta var í raun ekkert dýrara en á síðasta ári þegar ég fór á HM. Skíðasambandið og ÍSÍ greiddu stærstan hluta kostnaðarins við að fara á leikana sjálfa en æfingarferðirnar og allt þar í kring er greitt af styrktaraðilum, Skíðasambandinu og úr eigin vasa. Ég er mjög heppin með styrktaraðila sem hafa stutt mig vel við að eltast við drauman,“ segir Freydís sem sér ekki eftir neinu.

„Þegar ég lít til baka var þetta allt þess virði, ég hef og mun aldrei líta til baka og sjá eftir þessu út af nokkurri forsendu. Þetta var lífsreynsla sem ekki margir hafa upplifað og ég er stolt af að hafa náð að komast alla þessa leið.“ kristinnpall@frettabladid.is





## Merkisatburðir

**1279** Kúblaí Kan sigrar Songveldið og leggur þar með Kína undir Júanveldið.

**1606** Livorno verður formlega að borg.

**1949** Enska fulltrúaþingið afnemur enska lávarðaþingið.

**1754** Gullbringusýsla og Kjósarsýsla sameinast.



**1831** Fyrsta bankarán framið í sögu Bandaríkjanna.

**1870** Jón Ólafsson ritstjóri birtir kvæðið Íslendingabrag í blaði sínu Baldri. Kvæðið er mjög meinyrt í garð Dana og hlýtur Jón síðar dóm fyrir birtingu þess.

**1908** Bríet Bjarnhéðinsdóttir flytur sitt fyrsta mál í bæjarstjórn Reykjavíkur.



**1915** Plánetan Plútó ljósmynduð í fyrsta sinn.

**1922** Leikfélag Reykjavíkur heldur upp á 300 ára fæðingarafmæli leikskáldsins Moliéres með hátíðarsýningu á verki hans Ímyndunarveikinni.

**1962** Fyrsta plata Bobs Dylan, Bob Dylan, kemur út. Hún selst í fimm þúsund eintökum fyrsta árið.

**1971** Tollstöðvarhúsið í Reykjavík tekið í notkun.

**1982** Falklandseyjastríðið hefst með því að Argentínumenn taka eyjuna Suður-Georgíu.

**1985** Kjarnafæði stofnað á Akureyri.





**Mótmælt var meðal annars fyrir framan Stjórnarráðið og á Austurvelli.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖK

# Fimmtán ár eru frá innrás Bandaríkjanna í Írak

**Ekki voru til nægilega niðrandi orð um forseta Bandaríkjanna að mati forsvarsmanns samtakanna Átaks gegn stríði. Íraksstríðið var umdeilt strax í upphafi en það hófst fyrir fimmtán árum. Hundruð þúsunda týndu lífinu í stríðinu sem spannaði tæp níu ár.**

Fyrir fimmtán árum hófu Bandaríkin stríðsrekstur í Írak. George W. Bush, þáverandi forseti Bandaríkjanna, hafði gefið íröskum starfsbróður sínum, Saddam Hussein, frest til 19. mars 2003 til að afstýra stríði með því að yfirgefa land sitt. Hussein sat hins vegar sem fastast og hófst stríðið í kjölfar þess.

Hundruð þúsunda týndu lífinu í stríðinu sem spannaði tæp níu ár. Upphaflega bjuggust Bandaríkjamenn við að stríðið myndi standa stutt yfir. Sálfræðihernaður hafði staðið yfir löngu áður en vopnuð átök hófust og var gengið út frá því að íraskar hersveitir og andspyrnumenn myndu leggja vopn snarlega niður. Það gerðist ekki. Áhrifa stríðsins gætir enn um heim allan.

Þrjátíu ríki studdu stríðsreksturinn en Colin Powell, þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagði að alls fimmtán ríki til viðbótar stæðu að baki stríðinu en vildu ekki gera það opinberlega. Ísland var ein af hinum „viljugu þjóðum“. Skoðanakannanir bentu til þess að 91 prósent íslensku þjóðarinnar væri andvígt stríðinu. Ísland var sett á listann án þess að kanna vilja þingsins.

„Mér finnst Bandaríkjamenn hafa oftúlkað þennan lista,“ sagði Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra á forsíðu Fréttablaðsins daginn eftir að listinn var gerður opinber.

Davíð Oddsson forsætisráðherra sagði við Morgunblaðið að í þessu fælist fernt. „Í þessu felst í fyrsta lagi heimild til yfirflugs yfir íslenska flugumsjónarsvæðið. Í öðru lagi heimilum við afnot af Keflavíkurflugvelli ef þurfa þykir. Í þriðja lagi tökum við þátt í uppbyggingu í Írak eftir að ófriði lýkur. Í fjórða lagi tökum við pólitíska afstöðu með því að ályktun 1441 verði fylgt eftir, að loknu fjögurra mánaða þófi.“

Stríðinu var mótmælt víða um heim og meðal annars á Íslandi. Um 2.000 manns mættu á mótmæli á Austurvelli daginn sem stríðið hófst. Nokkrir nemar úr Listaháskóla Íslands tóku sig til að mynda til og skvettu rauðri málningu á Stjórnarráðið. Þau höfðu einnig skreytt sig sjálf með rauðri málningu og „lágu í valnum“ á víð og dreif á grasfletinum fyrir framan húsið. Það voru samtökin Átak gegn stríði sem stóðu fyrir fundinum.

„Mín skoðun á Bush Bandaríkjaforseta? Það eru eiginlega ekki til nógu niðrandi orð. Hann er dæmi um mestu lágkúru og afturhaldssemi sem komið hefur í Hvíta húsið og er þá langt til jafnað,“ sagði Þorvaldur Þorvaldsson, einn forsvarsmanna samtakanna, á fundinum. **joli@frettabladid.is**

---



✝

Yndisleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Norland**

verður jarðsungin frá Langholtskirkju fimmtudaginn 22. mars klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Gigtarfélag Íslands.

**Fyrir hönd vandamanna,**

**Kristín Norland**
**Halla Norland**
**Jón Norland og Sigríður L. Signarsdóttir**

---



✝

Elsku drengurinn okkar, bróðir og barnabarn,

**Einar Sigurbjörnsson**

lést á heimili sínu 6. mars. Útför hans fer fram frá Lindakirkju, Kópavogi, þriðjudaginn 20. mars klukkan 13.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á Samhjálp, banki 322-26-40040, kt. 551173-0389.

**Brynja Jónsdóttir**
**Sigurbjörn Einarsson** **Karen Sif Þorvaldsdóttir**
**Eggert Árni Sigurbjörnsson**
**Magnús Þorkell Sigurbjörnsson**
**Dagur Steinn Arnarsson**
**Haukur Logi Arnarsson**
**Hilmar Örn Arnarsson**
**Hanna Ósk Jónsdóttir** **Jón Sigurðsson**
**Guðrún Edda Gunnarsdóttir** **Einar Sigurbjörnsson**

---

✝

Eiginmaður minn, faðir og afi,

**Henrik Ringholm**

Fæddur 27.11.1944 Látinn 11.3.2018

Jarðarförin hefur farið fram í Danmörku.

**Helga Ringholm Ásgeirsdóttir**
**og fjölskylda.**

---



✝

Ástkær faðir okkar og afi,

**Sigurður Þorleifsson**

tæknifræðingur,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 11. mars, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju, miðvikudaginn 21. mars klukkan 13.

**Sigríður Anna Sigurðardóttir** **Timo Salsola**
**Hergill Sigurðsson** **Arna Rut Hjartardóttir**
**Hrannar Sigurðsson** **Gerður Guðjónsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

**Margrét Magnúsdóttir**

Þórufelli 12, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Mörk 13. mars. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 22. mars kl. 15.00.

**Gunnar Örn Jónsson**
**Ragnhildur Kristjánsdóttir** **Hannes Richardsson**
**Kristján Már, Gísli Þór, Ólafur, Fannar Freyr,**
**Richard Rafn og Margrét Mist**
**Magnea Magnúsdóttir**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Suðlæg átt 3-10. Lítilsháttar væta öðru hverju sunnan- og vestanlands, en víða léttskýjað á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti yfirleitt 5 til 10 stig að deginum en víða vægt næturfrost.




| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 3° | 4° |
| ↑10 | ↑10 | ↗7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 2° | 3° | -0° |
| ↑4 | ←3 | ↑13 |

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 3° | 5° |
| ↗11 | ↗14 | ↗8 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 2° | 4° | -0° |
| ↖9 | ↗4 | ↑13 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 7 | 9 | 8 | | | 2 | 6 |
| 6 | | 9 | 5 | | | | 4 | |
| 8 | | 2 | 7 | 6 | | 5 | | |
| | | | | | 9 | | 3 | 8 |
| 2 | 6 | | | | 1 | | 7 | 4 |
| 3 | | 4 | | | 6 | | | |
| | | | | | | | | |
| | 8 | | | | 5 | 7 | 6 | |
| | 5 | | 2 | | | 3 | 1 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 2 | | 9 | | 4 | | | |
| 3 | | | 2 | | 6 | 8 | | 4 |
| | | 9 | | | | | 5 | |
| 8 | 9 | 3 | | 6 | | | | |
| | 4 | | | | 5 | | | |
| | | | 4 | 2 | | | 6 | |
| | | | | | 1 | | | 6 |
| 1 | 5 | | 3 | | | | | |
| | 3 | | | 8 | 9 | 5 | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 7 | 8 | | 2 | |
| 1 | | | | | | | 6 | |
| | | | 1 | | | | | 7 |
| 7 | | | 4 | 6 | | | 9 | 3 |
| 8 | | | | | | | | |
| | 6 | | | 9 | | | | 2 |
| | 1 | 8 | 3 | | | | | |
| 4 | | 6 | | | | | 5 | |
| | | 3 | | | 1 | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. klína
5. stígandi
6. í röð
8. nísta
10. tveir eins
11. kostur
12. ær
13. spaug
15. dreifa
17. tímamælir

**LÓÐRÉTT**
1. sorps
2. málmhúða
3. samtök
4. að baki
7. töfrar
9. prettir
12. mælieining
14. farvegur
16. óreiða



**LÁRÉTT: 1.** útata, **5.** ris, **6.** fg, **8.** gnista, **10.** aa, **11.** val, **12.** kind, **13.** grín, **15.** sáldra, **17.** sólúr.
**LÓÐRÉTT: 1.** úrgangs, **2.** tína, **3.** asi, **4.** aftan, **7.** galdrar, **9.** svindl, **12.** kíló, **14.** rás, **16.** rú.

## Skák Gunnar Björnsson

Friðrik Ólafsson átti leik gegn Svetozar Gligoric á millisvæðamótinu í Portoroz árið 1958.

**Svartur á leik**

**40.… Dc6!! 0-1.** (41. Df1 er svarað með 41...Dc2!) Friðrik sagði frá Portoroz-mótinu á Skemmtikvöldi SÍ í gær. Alexander Oliver Mai og Páll Andrason urðu efstir og jafnir á U-2000 móti TR sem lauk í fyrrakvöld.

**www.skak.is.** Allt um U-2000 mótið.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 5 | 7 | 3 |
| 8 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 9 | 4 | 1 |
| 3 | 7 | 9 | 4 | 1 | 5 | 2 | 6 | 8 |
| 1 | 4 | 7 | 5 | 6 | 8 | 3 | 2 | 9 |
| 9 | 8 | 6 | 2 | 7 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 5 | 3 | 2 | 1 | 9 | 4 | 6 | 8 | 7 |
| 4 | 5 | 1 | 9 | 8 | 2 | 7 | 3 | 6 |
| 7 | 9 | 3 | 6 | 4 | 1 | 8 | 5 | 2 |
| 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 6 | 8 | 2 | 1 | 4 | 5 | 3 |
| 8 | 3 | 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | 6 | 9 | 8 |
| 5 | 4 | 7 | 3 | 6 | 9 | 8 | 2 | 1 |
| 9 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 3 | 7 | 5 |
| 2 | 8 | 3 | 5 | 1 | 7 | 9 | 4 | 6 |
| 3 | 5 | 2 | 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 7 |
| 4 | 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 9 |
| 6 | 1 | 9 | 2 | 7 | 3 | 5 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 8 | 1 |
| 8 | 2 | 4 | 1 | 7 | 3 | 9 | 6 | 5 |
| 9 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 3 | 4 | 7 |
| 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 6 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 4 | 9 | 3 | 2 | 8 | 5 | 7 | 6 |
| 6 | 7 | 3 | 5 | 4 | 1 | 8 | 9 | 2 |
| 2 | 9 | 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 4 |
| 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 7 | 1 | 5 | 9 |
| 3 | 5 | 1 | 9 | 6 | 4 | 7 | 2 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









# FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF

Sími 562 4250

Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is


Hilmar Óskarsson
Framkvæmdarstjóri
Gsm: 896-8750


Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 822-8750


Guðjón Sigurjónsson
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 846-1511


Pálmi Almarsson
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 896-3344


Smári Jónsson
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 864-1362


Auður Kristinsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 824-7772


Hildur Edda Gunnarsdóttir
Lögfr./Aðstm.
Gsm: 661-0804


Bjarni Tómas Jónsson
Löggiltur fasteignasali
GSM: 895-9120












Vel skipulagðar og vandaðar íbúðir á vinsælum útsýnisstað við Lynggötu 2, Urriðaholti í Garðabæ.
**Verð frá 39,5 millj.**

Álklætt fjölbýlishús með lyftu. Stærð íbúða er 81 til 185 fm. Fullbúnar íbúðir með gólfefnum. Vandaðar innréttingar. Bjartar og rúmgóðar íbúðir. Stæði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum.

**Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is**

Nýjar stórglæsilegar íbúðir að Lundi 7-13 í Fossvogsdal í 55 íbúða fjölbýlishúsi. Húsin eru 5 og 6 hæðir. Fjölmargar stærðir í boði allt frá 107 til 196,8 fm. Vandaðar íslenskar innréttingar. Hiti í gólfum. Bjartar og rúmgóðar íbúðir með stórum gluggum. Álklætt hús. . Glæsileg hönnun að innan sem utan. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum með glerlokunum eða timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum.

**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is**




Nýjar og stórglæsilegar íbúðir við Naustavör í nýju bryggjuhverfi við Kársnes í Kópavogi. 3ja til 6 herb. Stærðir frá 122 fm. til 210 fm. Álklætt hús með lyftu. Hiti í gólfum. Vandaðar íslenskar innréttingar. Glæsilegt sjávarútsýni. Glæsileg hönnun. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum. Fallegar íbúðir byggðar af vönduðum og traustum byggingaraðila BYGG.

**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.**
**Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is**






**AÐALSTRÆTI 9**
- 101 Rvk.
- 108,7 fm.
- 3ja herb.
- Efsta hæð.
- Aukinn lofthæð.
- Frábær staðsetning.

**Verð 59,5 millj.**



**DYNGJUVEGUR 17**
- 104 Rvk.
- 125,4 fm.
- 3ja herb.
- Endaíbúð.
- Bílskúr
- Fallegt eldhús.
- Nýlega standsett.
- Möguleiki á aukaíbúð.

**Verð 53,5 millj.**




**STRIKIÐ 8, 0411**
- Jónshús.
- 210 Gbæ.
- 94,3 fm.
- 2ja herb.
- Stæði í bílageymslu.
- Glæsilegar innréttingar.
- Tilbúin til afhendingar.

**Verð 54 millj.**



**HELLUVAÐ 17**
- 110 Rvk.
- 97 fm.
- 3ja herb.
- Bílgeymsla.
- Falleg íbúð.
- Útsýni.

**Verð 41,9 millj.**



**RAUÐAVAÐ 3**
- 110 RVK.
- 108 fm.
- 3ja herb.
- Stæði í bílageymslu.
- Fallegt útsýni.
- Góð staðsetning.
- Falleg íbúð.
- Rúmgóð herbergi.

**Verð 44.9 millj.**




**KJARTANSGATA 9**
- 105 Rvk.
- 117 fm sérhæð.
- 42 fm bílskúr.
- Samtals 158 fm.
- Góð staðsetning.

**Verð 59.5 millj.**
**Opið hús þriðjudag frá kl. 16:30 til 17:00**



**HAMRABORG 36**
- 200 Kóp.
- 3ja herb.
- 78,3 fm.
- 3. hæð.
- Tvennar svalir.
- Stæði í opnu bílstæðahúsi.
- Falleg íbúð.
- Nýlega endurnýjuð.

**Verð 37.9 millj.**




**TRÖLLAKÓR 2-4**
- 203 Kóp.
- 4ra herb.
- 160,7 fm.
- Endaíbúð.
- Efsta hæð.
- Stæði í bílageymslu.

**Verð 62,9 millj.**
**Opið hús þriðjudaginn kl. 17.30 til 18.00**

## ÓSKUM EFTIR ÖLLUM GERÐUM EIGNA TIL SÖLU. MIKIL SALA.

# HönnunarMars haldinn í tíunda sinn



HönnunarMars fór fram um helgina en þetta var í tíunda sinn sem hátíðin er haldin. Dagskrá hátíðarinnar var ákaflega fjölbreytt og flott að þessu sinni. María Kristín, ritstjóri HA, Greipur Gíslason, fyrrverandi stjórnandi HönnunarMars og Sara Jónsdóttir, stjórnandi HönnunarMars, skáluðu fyrir vel heppnaðri hátíð á sýningu FÍT í Hafnarhúsinu. MYND/RUT SIGURÐAR

## Hvað? Hvenær? Hvar?

Mánudagur

Hvar@frettabladid.is

### 19. MARS 2018

#### Sýningar

**Hvað?** Söngleikurinn Hairspray
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Gaflaraleikhúsinu
Leikfélag Menntaskólans í Kópavogi kynnir söngleikinn Hairspray. Innanskólaverð er 2.000 krónur. Fyrir aðra er miðaverð 2.500 krónur.

#### Fundir

**Hvað?** Áhrif skuggastjórnenda á afrísk stríðsátök
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Höfða friðarsetri
Opinn fundur á vegum Höfða friðarseturs og Afríku 20:20 í stofu VHV-008 í Veröld – húsi Vigdísar, Háskóla Íslands. Á þessum fundi mun Mats Utas fjalla um áhrif skuggastjórnenda og tengslanets þeirra á uppbyggingu og stjórnun ríkja á tímum stríðsátaka og enduruppbyggingar. Mats mun í erindi sínu koma með dæmi úr sínum eigin rannsóknum í Líberíu og Síera Leóne en einnig frá Malí, Nígeríu og Sómalíu. Mats Utas er dósent í menningarlegri mannfræði við Háskólann í Uppsala. Fundarstjóri er Geir Gunnlaugsson, formaður Afríku 20:20 og prófessor í hnattrænni heilsu. Fundurinn fer fram á ensku og er opinn öllum.



**Hvað?** Aðalfundur VR
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Hilton Reykjavík Nordica
Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf, lagabreytingar og ákvörðun um innborgun í VR varasjóð. Félagsmenn eru hvattir til að mæta.

#### Uppákomur

**Hvað?** Spilamánudagur
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Stounni Kaffihúsi, Vesturgötu 3
Hver mánudagur er spilamánudagur á Stofunni. Þátttakendur geta komið með eigin spil eða spilað þau spil sem Stofan á.

**Hvað?** Q&A – Ísold Uggadóttir
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kínema, Nemendafélag Kvikmyndaskóla Íslands, Grensásvegi 1
Ísold Uggadóttir situr fyrir svörum í Siggasal. Ísold er margverðlaunaður leikstjóri og handritshöfundur. Fyrsta kvikmynd hennar í




BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| The Shape Of Water | 17:30, 20:00 |
| Three Billboards Outside Ebbing Missouri | 17:30 |
| Óþekkti Hermaðurinn | 17:30 |
| Loveless | 20:00 |
| The Florida Project | 20:00, 22:30 |
| Spoor | 22:30 |
| Call Me By Your Name | 22:30 |








**Ísold Uggadóttir svarar spurningum í Kvikmyndaskóla Íslands í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

fullri lengd, Andið eðlilega, var að detta í kvikmyndahús. Andið eðlilega fléttar saman sögum tveggja ólíkra kvenna, hælisleitanda frá Gíneu-Bissá og ungrar íslenskrar konu sem hefur störf við vegabréfaskoðun á Keflavíkurflugvelli. Leiðir þeirra liggja saman á örlagastundu í lífi beggja og tengjast þær óvæntum böndum.

**Hvað?** Túrdaga Pub Quiz
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Stúdentakjallaranum

Opnunarviðburður Túrdaga 2018! Komið, fagnið með okkur, og takið þátt í skemmtilegu Pub Quiz þar sem spurt verður út í femínísk sem og túrtengd málefni. Meðal verðlauna verða (mána)bikarar í boði Móðurástar ásamt fleiru!

**Hvað?** Góðgerðabingó til styrktar Neistanum
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Fjölbrautaskóla Vesturlands
Góðgerðafélagið Eynir heldur bingó til styrktar Neistanum.

Húsið er opnað kl. 19.30 og bingóið hefst kl. 20.00. Glæsilegir vinningar í boði. 1 spjald = 1.000 kr, 2 spjöld = 1.500 kr, 3 spjöld = 2.000 kr.

**Hvað?** Fyrir áhugafólk um spil
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Iðnó
Fyrir þá sem eru að hanna og þróa borðspil. Þá er gott að hitta aðra í sömu sporum og ræða hlutina. Í Sunnusal í Iðnó.


SÓLMUNDUR HÓLM
SEGIR FRÁ REYNSLU SINNI

Eftir aðalfundi Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar og Krabbameinsfélags Reykjavíkur að Skógarhlíð 8 í Reykjavík í dag mánudaginn 19. mars mun Sólmundur Hólm fjölmiðlamaður og uppistandari segja frá reynslu sinni af því að greinast með krabbamein. Erindið hefst um kl. 20.30. Að venju verður boðið upp á kaffiveitingar.

Á aðalfundunum er stefnt að sameiningu félaganna undir nafninu Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins. Félagssvæði þess verður Reykjavík, Mosfellsbær, Seltjarnarnes, Kópavogur, Hafnarfjörður og Garðabær.




Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar
Krabbameinsfélag Reykjavíkur














# DAGSKRÁ

# Mánudagur




## UM LAND ALLT
KL. 19:25

Jóhann K. Jóhannsson bregður sér í hlutverk Kristjáns Más Unnarssonar og heimsækir Grímsey og Grímseyinga í þættinum. Íbúar eru fullir af bjartsýni þrátt fyrir mikla fólksfækkun á síðustu árum og sjá tækifæri til uppbyggingar. Heyrum af velgjörðarmanni sem steig aldrei fæti í Grímsey og ánafnaði Grímseyingum ómetanlegan fjársjóð og skoðum nýtt kennileiti heimskautsbaugsins.

Magnað **Mánudagskvöld**

Fáðu þér áskrift á **365.is**




## BROTHER VS. BROTHER
KL. 20:00

Bræðurnir Jonathan og Drew eru mættir aftur á Stöð 2 þar sem þeir taka hús algerlega í gegn frá grunni, hvor með sínu liði. Í lokin setja þeir húsin á sölu og sá sem græðir meira á sölunni stendur uppi sem sigurvegari.

## SHETLAND
KL. 20:45

Vandaðir breskir sakamálaþættir frá BBC um lögreglumanninn Jimmy Perez sem starfar á Hjaltlandseyjum og fær inn á borð til sín afar snúin sakamál. Íslensku leikararnir Arnmundur Björnsson og Jóhann G. Jóhannsson fara með stór hlutverk í þáttunum.



## CARDINAL
KL. 21:45

Hörkuspennandi lokaþáttur þar sem rannsóknarlögreglumennirnir John Cardinal og Lise Delorme hafa tekist á við sérlega flókin og ofbeldisfull sakamál.




## THE PATH
KL. 22:30

Þrælgóðir þættir um Eddie Lane sem gekk í öfgafullan sértrúarsöfnuð. Hann er nú milli steins og sleggju því hann hefur kynnst spillingunni sem söfnuðinum fylgir.



Allt þetta og meira til á aðeins 333 kr. á dag.




## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Kalli kanína og félagar
**07.40** 2 Broke Girls
**08.05** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Hell's Kitchen
**10.20** Masterchef USA
**11.00** Empire
**11.45** Sælkeraheimsreisa um Reykjavík
**12.10** Kevin Can Wait
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**14.25** American Idol
**15.10** American Idol
**16.05** Friends
**16.30** The Simpsons
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** **Um land allt** Jóhann K. Jóhannsson bregður sér í hlutverk Kristjáns Más Unnarssonar og heimsækir Grímsey og Grímseyinga í þættinum Um land allt. Íbúar eru fullir af bjartsýni þrátt fyrir mikla fólksfækkun á síðustu árum og sjá tækifæri til uppbyggingar. Heyrum af velgjörðarmanni sem steig aldrei fæti í Grímsey en ánafnaði Grímseyingum ómetanlegum fjársjóði og skoðum nýtt kennileiti heimskautsbaugsins.
**20.00** Brother vs.Brother
**20.45** Shetland
**21.45** Cardinal
**22.30** **The Path** Þriðja syrpa þessara dramatísku þáttaraðar með Aaron Paul (Breaking Bad)í hlutverki Eddies Lane sem kynntist kenningum sértrúarsöfnuðar og sogaðist inn í heim trúar og öfga. Hann er nú milli steins og sleggju þegar kemur að söfnuðinum því hann er hlynntur félagsskapnum en á móti trúaröfgunum og spillingunni sem hann uppgötvaði að honum fylgdi.
**23.20** Lucifer
**00.50** Gone
**01.35** Unsolved. The Murders of Tupac and the Notorious B.I.G.
**02.20** Blindspot
**03.05** Strike Back
**03.55** Bones
**04.40** The Deuce
**05.25** Notorious

## STÖÐ 2 SPORT

**08.15** Barcelona - Athletic Bilbao
**09.55** Real Madrid - Girona
**11.35** New Orleans - Boston Celtics
**13.30** FH - Selfoss
**15.00** Valur - Afturelding
**16.30** Tottenham - Newcastle United
**18.10** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**18.35** Spænsku mörkin
**19.05** Njarðvík - KR
**21.05** Seinni bylgjan
**22.40** Domino's körfuboltakvöld

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.20** FA Cup
**09.00** FA Cup
**10.40** FA Cup
**12.20** Haukar - Breiðablik
**14.00** Domino's körfuboltakvöld
**15.40** Lengjubikarinn
**17.20** Liverpool - Watford
**19.00** Football League Show
**19.30** Derby Country - Cardiff
**21.10** Real Madrid - Girona
**22.50** Njarðvík - KR

## STÖÐ 3

**18.10** Great News
**18.35** Last Man Standing
**19.00** Entourage
**19.30** Catastrophe
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Silicon Valley
**21.20** American Horror Story. Cult
**22.10** The Last Ship
**22.55** iZombie
**23.40** The Strain
**00.55** Entourage
**01.25** Seinfeld
**01.50** Friends
**02.15** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.25** Hvellur keppnisbíll
**07.37** Ævintýraferðin
**07.49** Gulla og grænjaxlarnir
**08.00** Stóri og litli
**08.13** Víkingurinn Viggó
**08.27** K3
**08.38** Mæja býfluga
**08.50** Kormákur
**09.00** Dóra könnuður
**09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**09.47** Doddi litli og Eyrnastór
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveinsson
**10.49** Lalli
**10.55** Mamma Mu
**11.00** Strumparnir
**11.25** Hvellur keppnisbíll
**11.37** Ævintýraferðin
**11.49** Gulla og grænjaxlarnir
**12.00** Stóri og litli
**12.13** Víkingurinn Viggó
**12.27** K3
**12.38** Mæja býfluga
**12.50** Kormákur
**13.00** Dóra könnuður
**13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**13.47** Doddi litli og Eyrnastór
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveinsson
**14.49** Lalli
**14.55** Mamma Mu
**15.00** Strumparnir
**15.25** Hvellur keppnisbíll
**15.37** Ævintýraferðin
**15.49** Gulla og grænjaxlarnir
**16.00** Stóri og litli
**16.13** Víkingurinn Viggó
**16.27** K3
**16.38** Mæja býfluga
**16.50** Kormákur
**17.00** Dóra könnuður
**17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**17.47** Doddi litli og Eyrnastór
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveinsson
**18.49** Lalli
**18.55** Mamma Mu



Mæja býfluga klukkan 08.38, 12.38 og 16.38

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Arnold Palmer Invitational
**13.30** Bank of Hope Founders Cup
**15.30** Inside the PGA Tour
**15.55** Arnold Palmer Invitational
**21.25** PGA Highlights
**22.20** Bank of Hope Founders Cup

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.25** Learning To Drive
**13.55** Jem and the Holograms
**15.50** Girl Asleep
**17.10** Learning To Drive
**18.40** Jem and the Holograms
**20.40** **Girl Asleep** Gamanmynd fyrir alla fjölskylduna frá 2015. Fimmtán ára afmælisdagur Gretu er í nánd og veldur það henni miklum áhyggjum því hún vill ekki yfirgefa öryggi æskunnar og stíga inn í heim fullorðinna. Hún reynir því hvað hún getur að leiða tímamótin hjá sér en þegar foreldrar hennar koma henni á óvart með afmælisveislu gerast mjög einkennilegir hlutir sem fá Gretu til að sjá lífið og tilveruna í glænýju ljósi.
**22.00** American Heist
**23.35** Sinister
**01.15** **The Shallows** Spennutryllir frá 2016 með Blake Lively í aðalhlutverki. Nancy Adams er í sorgarferli eftir dauða móður sinnar. Til að takast á við sorgina einsetur Nancy sér meðal annars að komast á nafnlausa, afskekkta strönd sem var í miklu uppáhaldi hjá móður hennar þegar hún var á sama aldri og Nancy er núna.
**02.40** American Heist

## RÚV

**15.05** Vikan með Gísla Marteini
**15.50** Gettu betur
**16.50** Silfrið
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Elías
**18.12** Letibjörn og læmingjarnir
**18.19** Alvin og íkornarnir
**18.30** Millý spyr
**18.37** Uss-Uss!
**18.48** Gula treyjan
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Attenborough og risaeðlan
**21.10** Sýknaður
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Saga HM. England 1966
**00.05** Kastljós
**00.20** Menningin
**00.25** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** King of Queens
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show
**09.45** The Late Late Show
**10.25** Síminn + Spotify
**12.05** Dr. Phil
**12.45** Superior Donuts
**13.10** The Beatles. Eight Days a Week - The Touring Years
**15.00** Speechless
**15.20** The Fashion Hero
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** Playing House
**20.10** Jane the Virgin
**21.00** Hawaii Five-0
**21.50** Blue Bloods
**22.35** Snowfall
**23.25** The Tonight Show
**00.45** CSI
**01.30** Madam Secretary
**02.15** This is Us
**03.05** The Gifted
**03.50** Ray Donovan
**04.40** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




# Bragðgóðu næringagelin
# Náttúruleg öflug virkni

# Aukin lífsgæði - betri líðan

## 30 daga skammtur




## PULZ
### fyrir hjartað og æðakerfið

Gæti haft áhrif á: Hjarta- og æðakerfið / Blóðtappa / Blóðsykur / Blóðfitu / / Blóðþrýsting / Astma / Mígreni. Aðrir kostir: Æðavíkkandi / Eykur blóðflæði til vöðva og heila / Eykur úthald og styttir endurheimt / Dregur úr hættu á tognunum (íþróttir) / Ánægjulegar aukaverkanir fyrir karlmenn.




## YUMI
### fyrir ónæmiskerfið og meltinguna

Gæti haft áhrif á: Ónæmiskerfið / Ofnæmi / Meltingartruflanir / Bakflæði / Ristilvandamál / Tíðarverki / Gyllinæð / Skjaldkirtils-vandamál / Húðvandamál (exem, herpes, frunsur, psoriasis, bólur), Psoriasisgigt, liðagigt og vefjagigt, sýkingar, bólgur inn- og útvortis, kláða, skordýrabit, sykursýki 2, háan blóðþrýsing, hátt kólesteról o.fl. o.fl. Aðrir kostir: Gott sem smyrsl á sár og bruna.




## AKTIV
### fyrir brjósk og liði

Gæti haft áhrif á: Slitgigt / Brjóskeyðingu / Stirða liði / Vöðva-festur / Liðbönd / Liðverki / Beinhimnu og sinaskeiðabólgu. Aðrir kostir: Eykur almennan liðleika / Fyrir liðamót undir álagi (íþróttir)

## Hágæða vörur frá Þýskalandi, unnar úr náttúrunni samkvæmt ítrustu gæðastöðlum

**10% afsláttur**
til 20. mars

Verð áður: 9.898 kr.
**Verð nú: 8.908 kr.**

LYFJA
– Lifið heil

lyfja.is Sölustaðir: Lyfja Lágmúla, Laugavegi, Smáralind, Smáratorgi, Nýbýlavegi og Hafnarstræti

# Fjölbreytt og spennandi fyrir páskana í Höllinni




**SALLY**
Hægindastóll. Brúnt eða svart PU-leður.
89.692 kr. ~~114.990 kr.~~

**BRISTOL**
Hægindastóll. Grátt sléttflauel.




29.993 kr. ~~39.990 kr.~~

**NEW WILSON**
Borðstofustóll. Tágarseta. Svört eða viðarlit viðargrind og lappir.




9.993 kr. ~~13.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
558 1100






Svala Björgvinsdóttir á sviðinu ásamt Reykjavíkurdætrum á Sónar Reykjavík á laugardaginn. MYND/BERGLAUG

# Á sviði á sama tíma og stærsta númerið

Reykjavíkurdætur spiluðu á **Sónar Reykjavík** um helgina en þær spiluðu á sama tíma og stærsta atriði hátíðarinnar, með bresku sveitinni Underworld, fór fram í sal við hliðina og létu það ekki á sig fá.

Tónlistarhátíðin Sónar Reykjavík fór fram um helgina á fjórum sviðum í Hörpu þar sem rúmlega 50 listamenn og hljómsveitir komu fram. Meðal þeirra voru Underworld, ein stærsta hljómsveit heims á sviði danstónlistar, Nadia Rose, Ben Frost, GusGus, Bad Gyal, Joey Christ og Reykjavíkurdætur.

„Það var gríðarleg stemming í Hörpu um helgina. Aldrei hafa fleiri erlendir gestir keypt sér miða á Sónar Reykjavík og fyrir hátíðina í ár,“ segir Gyða Lóa Ólafsdóttir, fjölmiðlafulltrúi Sónar Reykjavík. Hún segir íslenska tónlist greinilega laða að.

„Áhugi á hátíðinni, og þeim íslensku listamönnum sem þar koma fram, hefur aukist mikið undanfarin misseri og var hátíðin nýlega valin með bestu tónlistarhátíðum Evrópu af Time Out og með bestu hátíðum heims til að skemmta sér á af The Guardian Observer og Metro í Bretlandi talar um hátíðina sem einn af „heitustu“ stöðum álfunnar“.

Reykjavíkurdætur stigu á svið á laugardeginum, á saman tíma og Underworld, eitt stærsta bandið á Sónar Reykjavík, spilaði í hinum salnum. Meðlimir Reykjavíkurdætra viðurkenna að tímasetningin hafi stressað þær smá.

„Ég stóð fremst á sviðinu í intróinu og sá svona 40 hræður í salnum og hugsaði: „Úff, svona er að vera hljómsveitin sem dreifir álaginu á móti Underworld.“ Svo bara byrjaði salurinn að fyllast og áður en fyrsta lagið var hálfnað var komin geðveik stemning. Þetta var með skemmtilegri giggum sem við höfum spilað,“ segir Kolfinna, einn meðlimur Reykjavíkurdætra.

Ragnhildur Hólm tekur undir með henni: „Við fundum ekki fyrir því að vera að spila a sama tíma og stærsta nafn helgarinnar og við getum held ég þakkað orkunni úr salnum fyrir það!“

Þura Stína bætir við: „Orkan í salnum og okkur sjálfum var ótrúleg, maður þurfti alveg að fara í ákveðið „mind set“ fyrir að vera að spila á sama tíma og stærsta atriðið á hátíðinni. En þetta var gjörsamlega tryllt og að fá loksins að frumflytja lagið með Svölu og „performera“ með henni á sviðinu var ólýsanlegt.“ Þess má geta að Svala Björgvinsdóttir flutti nýtt lag með Reykjavíkurdætrum á hátíðinni.

„Það er búið að taka okkur smá tíma að koma þessu lagi saman þar sem Svala býr erlendis en við erum ekkert smá sáttar við lendinguna. Ég held að það hafi verið tímaspursmál hvenær við myndum fá þekkta söngkonu með okkur í lið og erum við ekkert smá þakklátar með valið! Enginn hefði getað gengið frá þessu eins og hún gerði,“ segir Ragnhildur um samstarfið.



Underworld er eitt stærsta band heims í danstónlist. NORDICPHOTOS/GETTY

> **MAÐUR ÞURFTI ALVEG AÐ FARA Í ÁKVEÐIÐ „MIND SET“ FYRIR AÐ VERA AÐ SPILA Á SAMA TÍMA OG STÆRSTA ATRIÐIÐ Á HÁTÍÐINNI.**

**gudnyhronn@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli*@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga*@frettabladid.is*

# ERT ÞÚ MEÐ BAKVERKI?

## FAGAÐILAR MÆLA MEÐ WAGNER



## MÁ BJÓÐA ÞÉR SÆTI Í HEILA VIKU?

Er erfitt að finna rétta skrifborðsstólinn?
Komdu við í verslun okkar, fáðu ráðgjöf og að lokum færð þú stól að láni í heila viku!

**20%**
**afsláttur af öllum stólum í mars!**

wagner
EINU STÓLARNIR MEÐ
Dondola®
360°
VELTITÆKNI

MYNDFORM GRAFÍK

FAGAÐILAR MÆLA MEÐ WAGNER

SJÚKRAÞJÁLFUN ÍSLANDS
Elís Þór Rafnsson
sjúkraþjálfari

KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS

Hirzlan 25 ára
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · www.hirzlan.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800
Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja




Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Guðmundar Brynjólfssonar



# Ari Leví

Á Alþingi hefur maður nokkur lagt út í þann fábjánaskap að spyrja um hitt og þetta. Mest þó um það hvernig peningum landsmanna er varið. Eins og einhvern varði um það? Þessum manni gengur misvel að fá spurningum sínum svarað. Hann spyr samt áfram. Þegar þessi blessaði þingmaður hafði spurt og þráspurt um eitt og annað lengi dags, og haft uppi orð um að hann myndi spyrja meira, fóru reiknimeistarar – þeir sem áttu að svara spurningunum um kostnaðinn – að reikna út hvað hver spurning kostaði. Plús hvert svar. Þeir þóttust þá vera að vinna vinnuna sína; stundum kallað „ábyrg meðferð opinberra fjármuna“.

Í viðleitni sinni við að svara ekki spurningum mannsins sem spurði, ákváðu þeir að reikna út hvað það hefði kostað þjóðarbúið ef Ari hefði verið á þingi. Þessi sem Ingibjörg Þorbergs söng um hérna á síðustu öld og spurði eins og hver annar Pírati um alls konar þvælu og gekk svo nærri foreldrum sínum að þau fóru undan, ýmist í flæmingi eða á Valíum. Fyrir svo utan að reiknilíkanið Ari drap nánast ömmu sína með spurningaflóði – og afi hans brotnaði víst undan fitufordómum barnsins.

Ern gamalmenni rámar eflaust í að Ari spurði móður sína: „Mamma af hverju er himininn blár?“ Nú er Björn Leví, nafnið á þessum kostnaðarsama í þinginu, ekki að spyrja mömmu sína að neinu. Hann hefði samt kannski betur gert það, kauplaust, áður en hann náði kjöri. En, það má samt nota spurningar Ara sem viðmið. Ekki vegna þess að þær séu sambærilegar í öllu heldur vegna heimskulegrar sannfæringar, spurula píratans og strákóbermisins sem var alla að kæfa með krefjandi leiðindum:

„Þið eigið að segja mér satt.“







